

Arctic Sea Farm hf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

15. október 2025
UOS2501684/M.S.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 25. ágúst 2025 – ID 307

Þann 25., 26. og 27. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Arctic Sea Farm hf., Patreks- og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðili var minntur á að gr. 3.2 um hvíldartíma, í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfis- og orkustofnunar um hvenær áætlað er að seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfis- og orkustofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Hvíldarsýnartaka þarf að liggja fyrir um vöktun eldissvæðis tveimur vikum fyrir útsetningu seiða. Sett voru út seiði 18. júní - 20. september 2024. Niðurstöður hvíldarsýnartöku bárust 20. september 2025 sem er frávik. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Tilkynna þarf eftirlitsaðila Umhverfis og orkustofnunar hvenær áætlað er að seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða í Kvígindisdal og er það frávik.
3. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 24. júlí 2025 og er því frávikinu lokað.
4. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað 24. júlí 2025 og er því frávikinu lokað.
5. Ófullnægjandi skráningar voru í grænu bókhaldi og er það frávik.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. nóvember 2025.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits